



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr. 149 Málsnr 1801006 var haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubækarklaustri, þriðjudaginn 9. júlí 2019, kl. 15:00.

Mættir eru Rúnar Þorri Guðnason (varam. Jóns Hrafn Karlssonar sem boðaði forföll) Bjarki Guðnason, Jóna Björk Jónsdóttir (varam. Gústafs B. Pálssonar sem boðaði forföll), Kristbjörg Hilmarsdóttur og Davíð Andri Agnarsson. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Ólafur Elvar Júliusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem jafnframt ritar fundargerð.

Óskað er eftir að bæta við lið 7.

1907004 – Hunkubakkar – Stöðuleyfi fyrir 2 íbúðagánum.

Samþykkt.

1. 1810003 Hátún – Deiliskipulagstillaga - Kynning á skipulagsáformum.

Gunnar Kári Oddsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir frá Landform koma á fundinn og kynna skipulagsáform innan jarðarinnar Hátún. Jafnframt komu fulltúrar eiganda „Guide to Iceland“ þeir Ólafur Ólafsson og Andri Guðmundsson og sögðu nefndinni frá verkefninu frá sjónarhlí eigandans.

„Skipulagsnefnd þakkar fyrir fróðlega og upplýsandi kynningu. Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirhuguð uppyggingsaráform á jörðinni. Skipulagsnefnd óskar eftir nákvæmari útfærslu á deiliskipulaginu, staðsetningu byggðar, útfærslu á fráveitu, stígagerð, nýta betur raskað land, áður en skipulagsnefnd getur tekið fyrir breytingu á aðalskipulagi.“

2. 1606007 Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes 213047

Deiliskipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrífunesi í Skaftárhreppi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 3500 m². Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19ha og er ætlað fyrir veitingapjónustu og bændagistingu. Deiliskipulagið nær aðeins til hluta þess.

Tillagan var auglýst frá **22. maí - 3. júlí 2019**. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.“

*BNG
RLH
G.H.
JGI*

DAA

3. 1902010 Heimsmarkmið SP - Skaftárhreppur - Kynning

Stefnumótun í Skaftárhreppi með hliðsjón af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sem unnin er af Eva Magnúsdóttur lögð fram til kynningar.

4. Brunná – Beiðni um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna breikkunar brúar yfir Brunná og 10.000 m³ efnistöku á og í nágrenni svæðisins. Fyrir liggur samþykki landeiganda Þórhalls Helgasonar, Núpum.

„*Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið, en gerir kröfу um að sérstaklega sé gert ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda yfir brúna.*“

5. 1906012/1705004 Gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram endurskoðaða gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi.

„*Skipulagsnefnd leggur til að gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld verði endurskoðuð samhliða gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála.*“

6. 1902014 Húsnaðisáætlun Skaftárhrepps 2019

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram Húsnaðisáætlun Skaftárhrepps 2019

„*Skipulagsnefnd leggur til að húsnaðisáætlunin verði send Íbúðaláanasjóði til umsagnar.*“

7. 1907004 Hunkubakkar – Stöðuleyfi fyrir 2 íbúðagánum

Ferðapjónustan Hunkubökkum ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir 2 íbúðagánum fyrir starfsfólk.

„*Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi afstöðumynd verði lögð fram.*“

Fundargerð samþykkt og fundi slitið 17.36.

Bráði V. Þorfinsson
Rúnar b. Auðnasson
Kratbjörn Hilmarsdóttir
Jóns Ólafur Jónasson
David André Agnarsson